

**Nd.** **680. Frumvarp til laga** [328. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf. Samhliða frumvarpi þessu er flutt frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 113 29. desember 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands hf., sbr. lög nr. 31 27. apríl 1963. Í því frumvarpi er lagt til að gerðar verði breytingar á lögnum, er leiðir af sölu ríkissjóðs á hlutabréfum í félaginu.

Lög um Iðnaðarbanka Íslands hf. tóku gildi í árslok 1951. Bankinn hóf starfsemi sína hinn 25. júní árið 1953 og varð því 30 ára á síðastliðnu ári. Í lögnum var kveðið á um, að hlutfé bankans skyldi nema allt að 6,5 Mgkr. og þar af skyldi ríkissjóður leggja fram 3 Mgkr., eða um 46% hlutfjárins.

Við stofnun bankans lögðu aðilar í heildarsamtökum iðnaðarins, Félagi ísl. iðnrekenda og Landssambandi iðnaðarmanna, hvor um sig fram 1,5 Mgkr., en 500 þús. gkr. var safnað í hlutfé á almennum markaði. Hluthafar voru upphaflega um 1100.

Hlutfé bankans hefur verið aukið nokkrum sinnum. Tvisvar hefur ríkið afsalað sér rétti til hlutfallslegrar aukningar hlutfjáreignar, og hefur því hlutdeild ríkisins í bankanum minnkað í 27% af heildarhlutfé. Hluthafar í bankanum eru nú 1441, og var nafnverð hlutfjárins hinn 31. des. 1983 samtals kr. 38 492 154.

Nafnverð hlutfjár ríkissjóðs í bankanum var hinn 31. desember 1983 kr. 10 391 700. Segja má, að rekstur Iðnaðarbankans hafi gengið vel undanfarin ár. Innlánsaukning í Iðnaðarbankanum hefur verið hvað mest allra bankanna.

Útibú bankans eru nú átta að tölu, þar af eru fjögur utan Reykjavíkur, í Hafnarfirði (1964), á Akureyri (1965), á Selfossi (1977) og í Garðabæ (1982).

Veðdeild var stofnuð við bankann í mars 1970, m.a. í þeim tilgangi að veita lán til kaupa á verkfærum og smærri tækjum fyrir iðnaðarmenn. Lán til slíkrar fjárfestingar höfðu ekki verið veitt af fjárfestingarlánasjóðum iðnaðarins. Heildarútlán veðdeildar námu í árslok 1983 rúmlega 283 Mkr.

Iðnlánasjóður hefur allt frá stofnun Iðnaðarbankans verið þar í vörzlu, og hefur bankinn annazt daglegan rekstur hans.

Góð afkoma bankans undanfarin ár hefur gert það kleift að gefa árlega út jöfnunarhlutabréf í samræmi við verðlagsþróun, auk þess sem greiddur hefur verið arður samsvarandi viðunandi ávöxtun af verðtryggðum skuldabréfum.

### **Starfsemi Iðnaðarbanka Íslands 1983. Bráðabirgðauppgjör.**

Í árslok 1983 námu heildarinnlán bankans 1 156 137 þús. kr. og höfðu aukizt frá fyrra ári um 542 372 þús. kr. eða 88,4%. Innlánsaukning allra viðskiptabankanna árið 1983 varð að meðaltali 80,3%. Hlutdeild Iðnaðarbankans er nú 7,3% af heildarinnlánnum viðskiptabankanna.

Heildarútlán bankans í lok ársins 1983 námu 1 062 233 þús. kr. fyrir afskriftir útlána og án útlána veðdeildar, og jukust þau um 556 267 þús. kr. eða 109,9% á árinu. Ef lán, sem endurseld voru Seðlabankanum, eru undanskilin, var aukningin 106,1%.

Skipting lána milli atvinnuvega og einstaklinga var hlutfallslega svipuð og 1982. Hluttur iðnaðar og byggingarverktaka er eftir sem áður langmestur eða 48,8% af öllum útlánnum bankans.

Í árslok 1983 námu heildarútlán veðdeildar 282 538 þús. kr., og er það 121,7% aukning frá fyrra ári.

Lántökur veðdeildar hjá lífeyrissjóðum voru 91 382 þús. kr. á árinu, samanborið við 49 979 þús. kr. árið áður og er það 82,8% aukning frá fyrra ári.

### Afkoma bankans 1983.

Heildartekjur bankans árið 1983 námu 651 493 þús. kr. og er það 116,1% aukning frá fyrra ári. Heildargjöld bankans voru 624 241 þús. kr. og er það 111,9% aukning frá árinu áður.

Rekstrarkostnaður bankans var 90 758 þús. kr. og er það 92,6% aukning frá fyrra ári. Launakostnaður nam 50 586 þús. kr. og er það 78,7% aukning frá fyrra ári.

Meðalfjöldi starfsfólks bankans var 150 árið 1983, samanborið við 129 árið áður. Tekjuafgangur til ráðstöfunar árið 1983 varð 12 554 þús. kr. en 6 838 þús. kr. árið áður.

Staða skv. rekstrar- og efnahagsreikningi 31.12.1983.\*

|                      |               |
|----------------------|---------------|
| Rekstrartekjur ..... | 651 493 186   |
| Rekstrargjöld .....  | 624 241 171   |
| Hagnaður .....       | 14 697 962    |
| Eignir .....         | 1 927 707 220 |
| Skuldir .....        | 1 784 403 855 |
| Eigið fé .....       | 143 303 365   |

\* Með veðdeild Iðnaðarbanka Íslands hf.

Aðalfundur Iðnaðarbankans verður haldinn 26. apríl 1984, og verða þá endurskoðaðir ársreikningar fyrir árið 1983 lagðir fram.

Skv. gildandi lögum skipar iðnaðarráðherra tvo af fimm bankaráðsmönnum til eins árs í senn.

### Söluverð hlutabréfa ríkissjóðs og fyrirkomulag sölunnar.

1. Hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf. hafa verið boðin til sölu á samtals kr. 32 000 000. Verð þetta er reiknað út samkvæmt upplýsingum frá Fjárfestingarfélagi Íslands hf. og Iðnaðarbankanum. Tekið er fyrst og fremst mið af verðmæti hreinnar eignar Iðnaðarbanka Íslands í lok desember 1983 og áætlaðrar arðgreiðslu af hlutabréfunum. Einnig er tekið mið af kaupum og sölum hlutabréfa í bankanum á undanförunum árum, sem vitað er um.
2. Núverandi hluthöfum í Iðnaðarbankanum hefur verið sent bréf, þar sem þeim er boðinn forkaupsréttur að bréfum ríkissjóðs í hlutfalli við núverandi hlutafjáreign þeirra. Tilboð þetta er háð samþykki Alþingis á því frumvarpi, er hér um ræðir. Áskriftarfrestur er til 1. júní n.k. Arður fyrir árið 1983, sem kann að verða ákveðinn á næsta aðalfundi, fylgir ekki bréfunum.
3. Verðið á hlutabréfum miðast við 1. janúar 1984, og verða hæstu lögleyfðu útlánsvextir reiknaðir á bréfin frá þeim degi til greiðsludags.
4. Greiðsluskilmálar eru eftirfarandi:
  - a) **Útborgun 50%.**  
Útborgun er tvenns konar. Við sölu staðgreiðast 25% af verði bréfanna. Jafnframt má greiða 25% af verði bréfanna með skuldabréfi með 3 afborgunum á 9 mánuðum, 1. september 1984, 1. desember 1984 og 1. mars 1985. Skuldabréfin verða gefin út á greiðsludegi og bera hæstu leyfða vexti frá þeim tíma (nú 21% p.a.).
  - b) **Lán 50%.**  
Eftirstöðvar má greiða með vísitölubundnu skuldabréfi (lánskjaravísitala) til 3ja ára með gjalddögum 1. júní ár hvert. Skuldabréfin verða gefin út 1. júní 1984 og bera hæstu leyfða vexti frá þeim tíma (nú 3,5% p.a.).
5. Við útgáfu skuldabréfanna fá kaupendur í hendur bráðabirgðaskírteini, en sameina verður A- og B-flokka hlutabréfin í einn flokk, þegar salan er um garð gengin.
6. Þau hlutabréf, sem ekki seljast í þessari umferð, verða boðin til kaups á almennum markaði.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Greinin kveður á um sölu á hlutabréfum ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf. Ríkissjóður á nú 27% hlutfjár í bankanum.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.